



Fagstjóri meistaranáms

Háskóla- og Háskólasetur Vestfjarða leitar að kraftmiklum einstaklingi í krefjandi starf fagstjóra á sviði haf- og strandsvæðastjórnunar. Við Háskólasetrið er kennd alþjóðleg, þverfagleg námsleið á meistarastigi í haf- og strandsvæðastjórnun (Coastal and Marine Management) í samstarfi við Háskólann á Akureyri, með um 40-50 virka meistaranema.

Fagstjóri vinnur í litlu en framsæknu háskóla- og rannsóknarumhverfi á Ísafirði og hefur rík tækifæri til að sýna frumkvæði með það að markmiði að skapa framúrskarandi náms- og vinnuumhverfi fyrir alþjóðlegan nemendahóp. Fagstjóri er leiðandi á sínu sviði í samstarfi Háskólasetursins og atvinnulífs. Hann skipuleggur kennslu, viðheldur tengslum við samstarfsaðila námsins og forleiðbeinir nemendum í meistaraþrófsritgerðum. Starfið krefst mikillar skipulagshæfni, faglegra vinnubragða og vilja til að veita frábæra þjónustu. Fagstjóri þarf að fylgjast vel með lokaritgerðarvinnu nemenda í nánú samstarfi við leiðbeinendur og þarf til þess að hafa góða faglega yfirsýn sem og þekkingu á helstu rannsóknaraðferðum í umhverfis- og auðlindastjórnun. Til greina kemur að fagstjórinn taki að sér kennslu.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Þverfræðileg menntun og/eða rannsóknar-reynsla á viðeigandi sviði
- Meistarapróf eða doktorspróf
- Þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni
- Frumkvæði og sveigjanleiki í starfi
- Góð enskukunnátta í ræðu og riti. Kunnátta í íslensku er mjög æskileg

Nýr fagstjóri þarf að geta hafið störf á haustmisseri 2016. Upplýsingar veitir Peter Weiss, forstöðumaður, í síma 450 3045 eða weiss@uw.is

Umsóknir með ritaskrá og skrá yfir kennslureynslu, ef við á, sendist á Háskóla- og Háskólasetur Vestfjarða og í tölvupósti á weiss@uw.is. Umsóknarfrestur er til og með 14.06.2016.